

Það verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu og þykir eftir atvikum rjett, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. jan. 1928.

Nr. 95/1927. **Rjettvisin** (St. Jóh. Stefánsson)  
gegn

**Karli Haraldi Jónssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927: Ákærður, Karl Haraldur Jónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sektar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af rjettvisinnar hálfu.

Brot ákærða er af sjódóminum rjettilega heimfært undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði sjódómsins um málskostnað í hjeræði staðfestist. Svo verður ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Karl Haraldur Jónsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup verjanda í hjeraði, málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar 40 kr., og málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvisinnar hálfu gegn Karli Haraldi Jónssyni, skipstjóra, Njálsgötu 49B hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum 12. kapitula siglingalaga nr. 56/1914 og 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir með eigin játningu ákærðs, er kemur heim við það, sem á annan veg er upplýst í málinu.

Sumarið 1926 var ákærður formaður á vj./b. »Fram« frá Sandgerði, G.K. 502. Bátur þessi er 14,42 smálestir brutto með 36 hestafla Alphavjel og var haldið út frá Siglufirði á reknetaveiðar.

Frá sama stað var haldið úti einnig á reknetaveiðar vj./b. »Trausta« frá Siglufirði, S.I. 20, um 6 smálestir brutto með 8 hestafla Danvjel og voru á honum þrír menn, formaðurinn Björn Friðfinnsson, vjelarmaður Ásgeir Bjarnarson og háseti Jón Albert Guðmundsson.

Laugardaginn 28. ágúst f. á. á fimta timanum siðdegis lagði vj./b. »Trausti« út frá bryggju þeirri á Siglufirði, er hann lagði afla sinn upp á, í góðu veðri, fjallabjörtu og sljettum sjó. Hjelt hann út fjörðinn venjulega siglingaleið og var for-

maðurinn við stýrið, vjelarmaðurinn fram í hásetaklefanum en hásetinn fram á að kljúfa spýtur í eldinn. Þegar kom nokkuð út í fjörðinn, tók hásetinn á »Trausta« eftir því, að vjelarbátur kom á eftir »Trausta« með mikilli ferð og var svo sem faðmlengd milli bátanna, en bátur sá, sem kom á eftir »Trausta«, stefndi beint aftur undir hann, heldur þó á bakborða. Hásetinn kallaði til formannsins, en það skifti engum togum fyrri en hinn báturinn rendi aftan á »Trausta« bakborðsmegin rjett við stýrið og var áreksturinn svo snarpur, að »Trausti« fór á hliðina, hvolfði og sökk rjett á eftir, en hinn báturinn rendi fram hjá honum. Fóru allir þeir mennirnir á »Trausta« í sjóinn, og druknuðu formaðurinn og vjelarmaðurinn en hásetanum, er fyrst náði í bátinn og er hann sökk, í belg, er hjelt honum uppi, var bjargað upp í bát þann, vj./b. »Fram«, sem ákærður var formaður á og rennt hafði á »Trausta«, er hann hafði snúið við og kom litlu síðar á vettvang.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að hann hafi haldið út frá Siglufirði umræddan dag kl. um 4<sup>1/2</sup> síðdegis og verið sjálfur við stýrið. Hafi fjöldi báta verið í kringum sig er hann kom út í fjörðinn, flestir á út leið. Kveðst hann þá ekki hafa vitað fyrri til, en hann hafi sjeð bát á hliðinni á bakborðsbóg á »Fram«, er eftir því er síðar hafi komið í ljós hafi verið »Trausti«. Kveðst hann þá hafa beygt hart á stjórnborða og rennt fram hjá bátnum, án þess að koma við hann, að minsta kosti hafi hvorki hann nje 4 af mönnum hans, er á þilfari voru og tveir er niðri voru í bátnum, orðið varir við neinn árekstur og hafa menn þessir borið það fyrir rjetti, að svo hafi ekki verið. Þegar ákærður sá, að báturinn reisti sig ekki, kveðst hann hafa sett fulla ferð á aftur á og er hann sá, að hinn báturinn var að sökkva, sneri hann sinum bát og kom á vettvang örfáum mínútum eftir að hann varð hins bátsins fyrst var. Þegar ákærður kom að, sá hann tvo menn í sjónum innan um belgina frá »Trausta«, en tókst ekki að bjarga nema öðrum þeirra, því hinn sökk í sömu svifum, og kom ekki upp aftur. Beið ákærður nokkra stund á staðnum, en hjelt svo í land með Jón Albert Guðmundsson, er hann hafði bjargað.

Eftir því, sem upplýst er í málinu, voru tveir aðrir bátar í nánd við »Trausta«, og »Fram«, og hafa formennirnir á báðum borið það fyrir rjetti, að þeir hafi sjeð »Fram« renna aftan

á »Trausta« og af hálfu »Frams« hafi verið gert alt það, sem eftir atvikum var hægt að gera til þess að bjarga mönnunum af »Trausta«.

Ákærður hefir *stöðugt* haldið því fram, að hann hafi ekki sjeð »Trausta«, eða orðið hans var fyrri en hann lá á hliðinni á bakborðsbóg »Frams« en hefir ekki neitað því, að hans bátur hafi rent aftan á »Trausta« og vandið slysinu, enda er fyrir því framburður þriggja fullgildra vitna, að »Fram« dró »Trausta« upp og rendi aftan á hann, og að áreksturinn hafi verið svo snarpur, að »Trausti« fór á hliðina og hvolfði.

Ákæðum finst það líklegast, að »Trausti« hafi farið út fjörðinn beint á undan »Fram« og möstur þeirra borið saman og hann því ekki sjeð »Trausta« þaðan sem hann sat við stýrið. Hann kveður stýrishúsið á »Fram« vera niður á þilfari en ekki upphækkað og að um 15 belgir hafi verið fram á á »Fram«, er slysið vildi til, og er ekki ólíklegt að þeir hafi hindrað útsjón frá stýrinu, sjerstaklega þar sem »Fram« var miklu stærri bátur en »Trausti« og því hærri á vatninu.

Auk ákærðs, sem var við stjórn á »Fram« er slysið vildi til, eins og frá hefir verið skýrt, voru 4 menn aðrir á þilfarinu á »Fram«, en þeir voru allir að vinna við netin, og engum þeirra hafði verið falið að hafa eftirlit með öðrum bátum eða skipum.

Rjetturinn verður nú að lita svo á, að ákærður hafi gert sig sekan um hirðuleysi um skyldur sínar og gáleysi við hið umrædda tækifæri, er hann hafði eigi nánara eftirlit með bátum þeim, er kringum hann voru, og valdið með því slysinu. Ber að heimfæra það brot hans, sem er kominn yfir lögdur sakamanna — fæddur 12. febrúar 1890 — eg hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það eftir tjeðum lagagreinum, hæfilega metin einfalt fangelsi í 30 daga.

Með tilliti til hreinskilinnar játningar ákærðs, undanfarandi hegðunar hans og þess, að hjer er um fyrsta afbrot hans að ræða, þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Svo greiði ákærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á byrjun rannsóknar máls þessa varð *nokkur* dráttur sem stafaði af fjarveru ákærðs úr bænum. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Föstudaginn 27. jan. 1928.

Nr. 90/1927.

**Rjettvísín** (M. Guðmundsson)  
 gegn  
**Guðmundi Guðjónssyni**  
 (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. gr. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927:  
 Ákærður Guðmundur Guðjónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinbern máli fyrir drýgðan glæp af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður að dæma ákærða sekan um brot á 200. gr. hegningarlaganna og 261. gr. siglingalaganna. Og þykir refsing hans hæfilega metin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Um málskostnað í hjeraði á sjórjettardóminum að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. hvorum.